



Fundur í hafnarnefnd

13. fundur hafnarnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu sveitarstjóra, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn mánudaginn 15. maí 2017 og hófst kl. 18:00

Mættir voru: Halldór Stefánsson formaður, Jóhann Halldórsson, Jónas Jóhannsson, Áki Guðmundsson, Jón Rúnar Jónsson og Elías Pétursson hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Samráðshópur Fiskistofu og Hafnarsambandsins

Fram er lagt til kynningar erindi frá Hafnarsambandi Íslands.

2. Hafnarsambandið, ársreikningur

Lagt fram til kynningar.

3. UST eftirlit með úrgangi úr skipum

Fram er lagt til kynningar erindi frá Umhverfisstofnun er varðar eftirlit með móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum.

4. Eftirlitsmyndavélarvélur

Hafnarstjóri og hafnarvörður fóru yfir niðurstöðu verðkönnunar vegna eftirlitsmyndavéla.

Bókun: Hafnarnefnd samþykkir fyrir sitt leyti kaup á myndavélum í samræmi við fyrirbyggjandi gögn.
Samþykkt samhljóða.

5. Löndunarkranar

Hafnarstjóri og hafnarvörður fóru yfir niðurstöðu verðkönnunar vegna löndunarkrana, lagt er til að keyptur verði nýr krani á Þórshöfn og eldri krani verði fluttur á Bakkafjörð. Áætlaður kostnaður er 7,5 m.kr.

Bókun: Hafnarnefnd samþykkir fyrir sitt leyti og leggur til að keyptur verði krani í samræmi við tillögu hafnarstjóra og hafnarvarðar. Einnig leggur hafnarnefnd til að núverandi krani á Þórshöfn verði yfirfarin og fluttur á Bakkafjörð.

6. Staða verkefna

- Hafin er vinna við að lagfæra dekk á hafskipakanti.
- Efni er komið í rafmagnstaur á bátaplani.
- Rafmagnsstaur komin upp á flotbryggju en hefur ekki fengist tengdur.
- Búið er að festa olúbryggju.

7. Verkefni fram undan

- Yfirfara þarf og eftir atvikum skipta um keðjur á flotbryggjum, þarf að gerast fyrir haustið.



LANGANESBYGGÐ

- Fyrsti fingur á flotbryggju tekur niðri á stórstraumsfjöru, þarf að dýpka.
- Lagfæra þarf lítilsháttar skemmdir á steypukanti á Nýjubryggju.
- Vantar „bumper“ í horni Nýjubryggju og Löndunarbryggju, aðallega vegna Sigurðar VE.
- Lagfæra útlit á hafnarskúr, mála eða klæða
- Mála bryggjutré og polla.
- Yfirfara dekk, keðjur og lása á bryggjum.
- Endurnýja endaljós á suðurgarði.
- Endurnýja bílakost.

8. Landaður afli í Langanesbyggð 2007-2016

Hafnarstjóri lagði fram gögn sem sýna landaðan afla á Þórshöfn og Bakkafirði frá 2007. Landaður afli 2016 er 24.500 tonn sem er það minnsta frá 2007.

9. Ársreikningur hafnarsjóðs vegna 2016

Hafnarstjóri lagði fram og kynnti ársreikning 2016. Rekstrarniðurstaða hafnarsjóðs var neikvæð um 9,0 m.kr. sem er 17,4 m.kr. lakari afkoma en 2015. Veltufé frá rekstri er 6,3 m.kr. en var 28,3 m.kr. 2015.

Bókun: Hafnarnefnd samþykkir framlagðan ársreikning um leið og nefndin lýsir yfir áhyggjum sínum vegna lækkandi tekna og minni landaðs afla.

10. Hafnarsjóður, þriggja mánaða rekstraruppgjör

Hafnarstjóri lagði fram og fór yfir þriggja mánaða uppgjör hafnarsjóðs, afkoma sjóðsins er neikvæð upp á kr. 844 þús.

11. Önnur mál

Engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 19:46.